

GLÆSILEGUR MIÐPUNKTUR

Að loknum breytingum verður Hlemmur glæsilegur miðpunktur í austurhluta miðborgarinnar. Torgið verður miðstöð fjölbreyttra samgangna, samskipta og lífs. Það er fagnaðarefni að Hlemmur fái loksins verðskuldaða upplýftingu og að þetta mikilvæga svæði í austurhluta miðborgarinnar myndi nú sterka umgjörð utan um sögu svæðisins og það ríka mannlíf sem þar finnst.

HVENÆR

Hlemmur er gríðarstórt verkefni og tekur framkvæmdin yfir mikið svæði og yfir langan tíma sem krefst þess að framkvæmdin verði unnin í mörgum skrefum. Nú þegar er unnið að því að skipta svæðinu niður í undirbúnings og framkvæmdaráfanga.

Á nýju ári munum við kynna forhönnun Hlemmtorgs á og við Hlemm, þar gefst borgarbúum og öðrum sem fara um svæðið tækifæri til að skoða hönnunina. Nýtt vefsvæði fyrir Hlemm opnar einnig í byrjun nýs árs. Ráð gera fyrir að framkvæmdir á fyrsta hluta muni hefjast á sumar mánuðum árið 2020.

Vakin er athygli hagsmunaaðila og nágretta á að auglýsing birtist í Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu þann 16. desember sl. og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

Ábendingum og athugasemdum við tillöguna er skilað skriflega til skrifstofu skipulagsfulltrúa að Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 29. janúar 2020. Vinsamlegast notið uppgengið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Tillagan er aðgengileg á vefsíðunni,
www.reykjavik.is
Skipulag í kynningu.

Kynntu þér
tillöguna á
www.reykjavik.is

Ný ásýnd og
hlutverk fyrir
Hlemmtorg



HVAÐ

Í lok árs 2017 lagði Reykjavíkurborg af stað með hugmyndaleit að nýju skipulagi á Hlemmtorgi. Leitað var eftir hugmyndum um fyrirkomulag skipulags með tilliti til legu hágæða almennings samgangna um svæðið ásamt nýrri nálgun á hönnun torgsvæðisins í kringum Hlemm.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. mars 2018 og í borgarráði Reykjavíkur þann 14. mars 2019 var lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. mars 2019, vegna nýs deiliskipulags reits 1.240.0 Hlemmur í kjölfar hugmynda-samkeppninnar.

Tillögur arkitektastofanna Mandaworks og DLD voru valdar til áframhaldandi þróunarvinnu við Hlemm fyrir endurhönnun svæðisins og Yrki vann að gerð deiliskipulagsins með forhönnun svæðisins til hlíðsjónar.

AF HVERJU

Meginmarkmið með nýju deiliskipulagi og með forhönnun svæðisins miðar af því að auka aðráttarafi Hlemms sem staðar sem fólk sækist eftir að fara á, að skapa gott og vistvænt umhverfi og til að Hlemmur verði kjörstaður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og góður staður fyrir fólk og viðburði, eftirsóttur bíllaus staður, grænn og lifandi en einnig byrjunarreitur fyrir þau sem ætla í bæinn. Mathöllin á Hlemmi er sá segull sem þarf til að gera Hlemm að því sem vænst er. Hlemmur mun koma til með að gegna mikilvægu hlutverki fyrir mannlíf og samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og fær von bráðar nýtt og verðskuldað útlit og hlutverk sem staður fólksins.



HVERNIG

- Helstu breytingar framundan
- Nýtt Hlemmtorg verður endurskapað sem almenningsrými fyrir alla aldurshópa með aðgengi fyrir alla.
- Akandi umferð verður beint frá torgsvæðinu.
- Nýr hjólastígur verður lagður meðfram svæðinu og tengir Hverfisgötu og Laugaveg upp að Bríetartúni.
- Strætisvögnum og Borgarlínu verður beint niður Hverfisgötu og Laugaveg í sérrými gegnum nýtt torgsvæðið, norðan Hlemms, sem verður mikilvæg miðstöð almenningsgangna.
- Nýtt yfirborðsefni, setaðstaða, leik- og dvalarsvæði ásamt gróðri verða ríkjandi þættir á nýju Hlemmtorgi ásamt vistvænni nálgun á meðhöndlun yfirborðsvatns.
- Hágæða biðskýli verða byggð á nýju Hlemmtorgi.
- Ný gatnamót verða byggð á mótum Snorrabrautar og Borgartúns ásamt nýju torgi.

NÝTT HLUTVERK SEM OPIÐ SVÆÐI FYRIR FÓLK

Hlemmur er nú þegar vinsæll staður meðal gangandi og hjólandi vegfarenda en talningar um sumar árið 2018 sýndu að 25.000 manns fóru um Hlemm. Í nýrri talningu í október 2019 kom fram að 70%, eða 17.000 manns, af heildarfjölda vegfarenda á Hlemmsvæðinu voru gangandi.

Endurskoða þurfti almenningsrými á svæðinu m.a. með tilliti til þess að mathöll hefur verið opnuð á Hlemmi. Áætlað er að almenningsvæðið gefi m.a. aukna möguleika á svæði fyrir útveitingar og útmarkaði. Hlemmtorg mun því gegna nýju hlutverki sem opið svæði fyrir fólk og viðburði.

MANNVÆN OG LÍFVÆNNI BORGARBYGGÐ

Hlemmtorg verður rammað inn af smærri byggingum sem afmarka nýtt almenningsrými í austurhluta miðborgarinnar. Umbreyting norðurhluta Hlemmtorgs felst m.a. í meiri gróðri, en þar er nú, ásamt setbekkjum.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er Hlemmtorg skilgreint sem miðborgartorg. Það þýðir m.a. að sama starfsemi við torgið má að hámarki vera 50%, að smásöluverslun og veitingastarfsemi undanskilinni, en sú starfsemi má fara yfir það hlutfall. Þetta styður markmið um fjölbreytta, þétta og mannvæna borgarbyggð sem stuðlar að góðu mannlífi og sambúð ólíkra hópa.

Hlemmur verður framtíðar samkomustaður Reykvíkinga og allra landsmanna, miðborgartorg á mannlegum skala, svæði fyrir margvíslegar uppakomur og leik í öruggu umhverfi.

BREYTINGAR Á UMFERÐ OG RÚTUSTÆÐI

Góðar almenningsgangur munu áfram liggja um Hlemm enda er hann og mun áfram verða mikilvægur tengipunktur í borginni. Skipulagstillagan breytir hins vegar aðgengi bílaumferðar um Hlemm til auka rými og aðgengi fyrir virka ferðamáta (gangandi og hjólandi m.a.) og er gert ráð fyrir sérrými almenningsgangna með stoppistöð á svæðinu. Sérleið fyrir hágæða almenningsganggukerfi er skilgreind í gegnum svæðið ásamt leiðbeinandi staðsetningu fyrir stoppistöðvar.

Tillagan gerir ráð fyrir að safnstæði fyrir hópferðabíla og leigubíla verði færð frá núverandi staðsetningu við Hlemm, Laugaveg og Rauðarárstíg. Gert er ráð fyrir nýjum göngugötum og talsvert stærra torgi.

**KYNNTU ÞÉR TILLÖGUNA Á
WWW.REYKJAVIK.IS**